



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

fimmtudagur, 18. ágúst 2011

Ákvörðun nr. 28/2011

Yfirtaka Landsbankans hf. á Sólningu Kópavogi ehf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Samkeppniseftirlitinu barst, þann 4. maí 2011, samrunaskrá vegna yfirtöku Landsbankans hf. (hér eftir Landsbankinn) á Sólningu Kópavogi ehf. (hér eftir Sólning). Samrunaaðilar litu svo á að samruninn félli undir ákvæði a-liðar 6. mgr. 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og af þeim ástæðum væri um styttri tilkynningu að ræða í samræmi við ákvæði 7. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga og viðauka II við reglur nr. 684/2008 um tilkynningu samruna og málsmeðferð í samrunamálum. Samrunaaðilar starfa ekki á sama markaði og féllst Samkeppniseftirlitið því á það mat þeirra að tilkynna um samrunann með styttri tilkynningu. Jafnframt var með bréfi, dags. 4. maí 2011, óskað eftir heimild til þess að framkvæma samrunann áður en Samkeppniseftirlitið hefði fjallað um hann í samræmi við ákvæði 4. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga. Var undanþágan veitt með bréfi, dags. 9. maí 2011.

Samkeppniseftirlitið óskaði eftir sjónarmiðum frá keppinautum Sólningar um samrunann og ýmsum gögnum til þess að meta markaðinn sem félagið starfar á og aðstæður á honum. Með bréfi, dags. 10. maí 2011, tilkynnti Samkeppniseftirlitið Landsbankanum um að Samkeppniseftirlitið hyggðist rannsaka þann markað sem Sólning starfar á.

Viðræður Samkeppniseftirlitsins við Landsbankann hafa leitt til þess að Landsbankinn hefur gengist undir sátt í málinu á grundvelli 17. gr. f samkeppnislaga og 22. gr. reglna um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005. Sáttin felur í sér að samruna Landsbankans og Sólningar eru sett skilyrði, en nánar er vikið að þeim í niðurstöðukafla þessarar ákvörðunar.

II.

Samruninn

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Getur slík breyting m.a. falið í sér að einn eða fleiri aðilar, sem þegar hafa yferráð yfir a.m.k. einu fyrirtæki, ná beinum eða óbeinum yferráðum, í heild eða að hluta, yfir einu eða fleiri fyrirtækjum til viðbótar með því að kaupa verðbréf eða eignir, með samningi eða öðrum hætti.

Landsbankinn er fjármálafyrirtæki sem starfar samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Starfrækir félagið viðskiptabanka. Er Landsbankanum heimilt að stunda



hverja þá starfsemi sem fjármálafyrirtækjum er heimil samkvæmt lögum á hverjum tíma. Samkvæmt samrunaskrá eru hluthafar bankans tveir. Meirihluti hlutafjár er í eigu Bankasýslu ríkisins, eða 81,3%, en annað hlutafé í bankanum er í eigu Landskila ehf, 18,7%. Landsbankinn á fjölmörg dótturfélög. Þeirra á meðal er félagið Hömlur ehf. sem er að fullu í eigu Landsbankans og mun það félag fara með eignarhlut bankans í Sólningu.

Sólning rekur dekkjaverkstæði og stundar einnig innflutning á dekkjum. Hjá félaginu starfa 33 fastráðnir starfsmenn en starfsmönnum fjölgar í allt að 60-70 á vorin og haustin þegar mest er að gera við dekkjaskipti. Sólning flytur inn og selur m.a. dekk frá dekkjaframleiðendunum Continental, Hankook, Mastercraft og NanKang. Sala Sólningar á dekkjum til annarra dekkjaverkstæða nemur um fimmtungi af veltu félagsins.

Kaup Landsbankans á öllum hlutum í Sólningu eru liður í yfirtöku eigna til fullnustu kröfu, sbr. 22. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og er tilefnið fjárhagsleg endurskipulagning á félaginu.

III.

Niðurstaða

Samkeppniseftirlitið hefur fjallað töluvert um yfirtökur banka á atvinnufyrirtækjum á nýliðnum misserum.

1. Umræðuskjal Samkeppniseftirlitsins, skýrsla Samkeppniseftirlitsins og úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 18/2009

Þann 8. desember 2009 birti Samkeppniseftirlitið umræðuskjal um banka og fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja. Í því kemur fram það mat að það sé neytendum og atvinnulífinu til hagsbóta að bankar afskrifi eða minnki skuldir rekstrarhæfra fyrirtækja sem eiga í greiðsluerfiðleikum. Bankar verði hins vegar að gera skýra arðsemiskröfu til endurskipulagðra fyrirtækja og gæta að samkeppnissjónarmiðum.

Í umræðuskjalinu er fjallað um skuldavanda íslenskra fyrirtækja og samkeppnisleg álitafni tengd honum. Er þetta viðfangsefni talið afar mikilvægt og geta haft veruleg áhrif á þróun og uppbyggingu íslensks atvinnulífs. Samkeppniseftirlitið setur fram í skjalinu sautján kjarnasjónarmið sem það telur að hafa eigi að leiðarljósi við endurskipulagningu atvinnufyrirtækja. Dreginn er lærdómur af reynslu annarra ríkja af áþekkingu álitafnum og jafnframt er gefið yfirlit yfir það hvernig framangreind þátttaka bankanna á samkeppnismörkuðum horfir við samkeppnislögum.

Á meðal þeirra 17 kjarnasjónarmiða sem fram koma í skjalinu má nefna eftirfarandi:

- Einungis á að koma þeim fyrirtækjum til aðstoðar sem eiga sér eðlilegar rekstrarlegar forsendur en forðast þeir að endurreisa eða halda gangandi óhagkvæmum fyrirtækjum.
- Það er neytendum og atvinnulífinu til hagsbóta að banka afskrifi skuldir eða á annan hátt dragi úr skuldabyrði rekstrarhæfra fyrirtækja. Beiting samkeppnislaga á ekki að vinna gegn þessu.
- Bankar verða að gera skýra arðsemiskröfu til endurskipulagðra fyrirtækja og gæta verður fyllsta aðhalds um arðsemi.



- Bankar sem öðlast yfirráð yfir fyrirtæki verða að fást við freistnivanda þeirra sem starfa í fyrirtækinu. Vandinn felst í því að starfsmenn og stjórnendur hafa ekki sama hvata og áður til að reka fyrirtæki skynsamlega.
- Tryggja verður að eignarhald banka raski ekki samkeppni.
- Draga þarf úr hættunni á því að of mikilli skuldabyrði fyrirtækja sé velt út í verð á vöru og þjónustu.
- Bankar eiga að selja endurskipulögð fyrirtæki svo fljótt sem auðið er í gagnsæu ferli, eftir því sem kostur er. Skráning í kauphöll er vænlegur kostur.

Þann 9. júní 2011 kynnti Samkeppniseftirlitið skýrslu sína nr. 2/2011 sem ber heitið: „Samkeppni eftir hrun“. Þar er fjallað um banka og endurskipulagningu fyrirtækja, m.a. hvernig til hefur tekist með tilliti til þeirra kjarnasjónarmiða sem koma fram í fyrrgreindu umræðuskjali. Skýrslan er m.a. byggð á rannsókn eftirlitsins á fjárhagsstöðu og fjárhagslegri endurskipulagningu 120 stórra fyrirtækja á völdum samkeppnismörkuðum.

Fram kemur í skýrslunni að vandi atvinnulífsins felist í of hægu ferli fjárhagslegrar endurskipulagningar fyrirtækja, óánægju með framkvæmd hennar og skorti á trausti og gagnsæi. Þá sé fjárhagsstaða margra fyrirtækja sem lokið hafi fjárhagslegri endurskipulagningu slæm. Auk þessa var bent á að rangir hvatar væru til staðar í kerfinu sem seinkuðu fjárhagslegri endurskipulagningu fyrirtækja en án rétttra hvata til sölu myndu bankarnir eiga fyrirtæki lengur en talist geti þjóðhagslega hagkvæmt. Samkeppniseftirlitið brýndi því fyrir bönkum að halda sig við þegar tilgreinda sölufresti á fyrirtækjum og að losa um óbeint eignarhald á fyrirtækjum án ástæðulauss dráttar.

Þá ber að líta til þess að þann 21. janúar 2010 birti áfrýjunarnefnd samkeppnismála úrskurð í máli sem varðar samruna Vestia, sem þá var dótturfélag Landsbankans (NBI hf.) og Teymis. Samkeppniseftirlitið heimilaði samrunann án skilyrða í ákvörðun nr. 34/2009. Síminn, sem er keppinautur Teymis, kærði niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins til áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Komst nefndin að þeirri niðurstöðu í úrskurði sínum í máli nr. 18/2009 að setja samrunanum skilyrði þar sem samruninn raskaði samkeppni með umtalsverðum hætti í skilningi 17. gr. c samkeppnislaga. Um þetta segir í úrskurði áfrýjunarnefndar:

„Að mati áfrýjunarnefndarinnar skapast ýmis konar hætta á röskun á samkeppni ef ekki eru settar skorður við langvarandi eignarhaldi lánardrottna á borð við banka að fyrirtækjum á samkeppnismarkaði. Sú röskun getur strítt gegn markmiðum samkeppnislaga og þar með hagsmunum neytenda ef fyrirtæki getur athafnað sig á markaði án eðlilegs aðhalds frá lánardrottnum sínum og eiganda. Telja verður að fjárhagslegur styrkur eigandans skipti hér máli og „þol“ hans til að bíða með að fá fjármagn sitt til baka þar til að önnur fyrirtæki á sama markaði hafa eftir atvikum veikst eða helst úr lestinni. Þá er ljóst að ýmis vandamál skapast við hagsmunatengsl banka, sem liggja víða, og þær miklu upplýsingar sem bankarnir búa yfir um samkeppnisaðila og eftir atvikum viðskiptamenn á markaði. Þá verður ekki horft fram hjá því að bankarnir eru stórir viðskiptavinir á þjónustumörkuðum og í núverandi ástandi eru mörg félög þeim tengd. Getur því skapast hætta á óeðlilegum gerningum og misnotkun



þeirrar aðstöðu. Þótt það sé til bóta að eignarhlutir í félögum séu í höndum sérstaks dótturfélags banka leysir það ekki allan vanda”.

Taldi áfrýjunarnefnd að unnt væri að draga úr eða koma í veg fyrir framangreind óæskileg áhrif með því að setja samruna af þessum toga skilyrði:

„Að mati áfrýjunarnefndarinnar er nauðsynlegt að fyrirtækjum í eigu bankanna verði gert skylt að starfa eins sjálfstætt og unnt er á eðlilegum rekstrargrundvelli og að þeim verði ráðstafað innan eðlilegs tíma”.

Samkeppniseftirlitið telur ljóst að sambærileg sjónarmið eigi við um yfirtöku Landsbankans á Sólningu og þann samruna sem áfrýjunarnefnd samkeppnismála fjallaði um í tilvitnuðum úrskurði. Þá er ljóst að sá úrskurður áfrýjunarnefndar veitti Samkeppniseftirlitinu auknar heimildir til að fylgja eftir, með bindandi hætti, sjónarmiðum sem fram koma í framangreindu umræðuskjali um banka og fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja, sbr. og áðurnefnda skýrslu nr. 2/2011 um samkeppnina eftir hrun. Til þess að meta fyllilega áhrifin af samrunanum er rétt að líta til stöðunnar á þeim mörkuðum sem Sólning starfar á.

2. Markaðir sem máli skipta og staða fyrirtækja á þeim

Samkvæmt 4. gr. samkeppnislaga er markaður sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Hagfræðileg rök leiða til þess að skoða verður viðkomandi markaði út frá að minnsta kosti tveimur sjónarhornum. Annars vegar vöru- eða þjónustumarkaðnum og hins vegar út frá landfræðilega markaðnum. Hafa ber þó í huga að markaðsskilgreiningar í samkeppniserétti geta ekki verið nákvæmar og eru aðeins notaðar til viðmiðunar, sbr. t.d. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 8/2008, *Fiskmarkaður Íslands hf. gegn Samkeppniseftirlitinu*.

Með viðkomandi vöru- eða þjónustumarkaði er átt við markað fyrir allar vörur og þjónustu sem neytendur líta á sem staðgönguvörur eða staðgönguþjónustu vegna eiginleika þeirra, verðs og áformaðrar notkunar. Staðgönguvara eða staðgönguþjónusta er vara eða þjónusta sem að fullu eða verulegu leyti getur komið í stað annarrar vöru eða þjónustu.

Í samkeppniserétti er landfræðilegi markaðurinn það svæði þar sem samkeppnisskilyrði eru nægjanlega lík til þess að unnt sé að greina þau frá öðrum svæðum í samkeppnislegu tilliti, sbr. t.d. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 3/2008 *Hf. Eimskipafélag Íslands gegn Samkeppniseftirlitinu*. Er hér um að ræða landsvæði þar sem hlutaðeigandi fyrirtæki eru viðriðin framboð og eftirspurn eftir viðkomandi vöru eða þjónustu og sem unnt er að greina frá nærliggjandi svæðum, einkum vegna þess að samkeppnisskilyrði eru greinilega frábrugðin á þeim svæðum. Meðal þátta sem skipta máli við mat á viðkomandi landfræðilegum markaði eru eðli og einkenni viðkomandi vöru eða þjónustu, hugsanlegar aðgangshindranir eða neytendavenjur, greinilegur munur á markaðshlutdeild fyrirtækja á viðkomandi svæði og aðliggjandi svæðum, verðmunur og flutningskostnaður.

Samkeppniseftirlitið hefur fjallað um viðskiptabankamarkað í ýmsum ákvörðunum. Í ákvörðun nr. 50/2008, *Samruni SPRON og Kaupþings*, er að finna ítarlega greiningu á



viðskiptabankamarkaði. Í þeirri ákvörðun komst Samkeppniseftirlitið að þeirri niðurstöðu að þrjár viðskiptabankar hefðu sameiginlega markaðsráðandi stöðu á markaðnum fyrir viðskiptabankþjónustu við einstaklinga og smærri fyrirtæki. Nú er sama starfsemi rekin á Íslandi undir merkjum Landsbankans, Arion banka hf. og Íslandsbanka hf. Telja verður að staða núverandi viðskiptabanka á mörkuðum fyrir hefðbundna bankastarfsemi hér á landi sé í aðalatriðum svipuð stöðu forvera þeirra, sbr. einnig t.d. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 49/2009, *Samruni Kaupþings banka hf. og Arion banka hf.*

Sólning starfar á mörkuðum sem að einhverju leyti eru ólíkir um samkeppnislegt aðhald. Þannig eru keppinautarnir mismargir og missterkir eftir því hvort litið er til heildsölu á dekkjum eða til rekstrar dekkjaverkstæða. Rannsókn Samkeppniseftirlitsins bendir til þess að markaðshlutdeild Sólningar á þeim mörkuðum og undirmörkuðum sem til greina kemur að skilgreina í máli þessu sé mikil. Þá er rétt að taka fram að við núverandi aðstæður í efnahagslífi Íslands þar sem verulegar hömlur eru á viðskiptum með íslenskar krónur auk þess sem kaupmáttur krónunnar er lítill er líklegt að dragi úr samkeppnislegu aðhaldi vegna innflutnings dekkja til Íslands. Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til þess að skilgreina ítarlega þá vörumarkaði sem mál þetta nær til, m.a. með hliðsjón af niðurstöðu áfrýjunarnefndar í framangreindu máli nr. 18/2009.

Staða Landsbankans á viðskiptabankamarkaði er sterk, sbr. þau sjónarmið áfrýjunarnefndar samkeppnismála sem birtast í áðurnefndum úrskurði nefndarinnar nr. 18/2009 og rakin voru hér á undan. Sú staða bankans styrkir enn frekar stöðu Sólningar. Telur Samkeppniseftirlitið því að umræddur samruni hafi í för með sér hættu á því að samkeppni verði raskað.

3. Íhlutun

Af framangreindu leiðir að tilefni er til íhlutunar skv. 17. gr. c samkeppnislaga vegna samrunans. Landsbankinn hefur lýst yfir vilja til þess að gangast undir sátt í málinu á grundvelli 17. gr. f laganna og 22. gr. reglna um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005. Viðræður við samrunaaðila hafa leitt til sáttar í málinu. Sáttin felur í sér neðangreind skilyrði sem sett eru fram í ákvörðunarorðum. Telur Samkeppniseftirlitið að skilyrðin leysi hin samkeppnislegu vandamál sem stafa af samrunanum.

Við setningu skilyrða almennt er mikilvægt að hafa í huga að fyrirtæki sem tekin eru yfir af bönkum eiga ekki að hætta að keppa eða fara sér hæggar í samkeppni. Slíkt myndi valda almenningi og öðrum viðskiptavinum tjóni á þeim mörkuðum sem viðkomandi fyrirtæki starfa. Hins vegar verður að tryggja að eignarhald banka leiði ekki til röskunar á samkeppni sökum þeirra sérstöku kringumstæðna sem nú ríkja í atvinnulífi hér á landi. Segja má að þessi samkeppnislegu vandamál felist í grundvallaratriðum í eftirfarandi atriðum í þessu máli:

- Hættu á að eignarhald banka á atvinnufyrirtækjum verði viðvarandi.
- Eignatengslum sem myndast á milli m.a. keppinauta undir yfirráðum Landsbankans og dótturfélaga hans.
- Hættu á að viðkvæmar rekstrarupplýsingar um keppinauta yfirtekinna atvinnufyrirtækja sem eru í viðskiptum við Landsbankann berist til þeirra félaga sem Landsbankinn hefur yfirráð yfir.



- Hættu á að hlutast sé til um að fyrirtæki undir yferráðum Landsbankans beini viðskiptum sínum til annarra fyrirtækja undir yferráðum Landsbankans og útiloki keppinauta þar með frá mikilvægum viðskiptum.
- Hættu á að Landsbankinn fjármagni viðvarandi taprekstur yfirtekens fyrirtækis og að stjórnendur þess hafi ekki sömu hvata og áður til þess að reka fyrirtækið skynsamlega.
- Hættu á að Landsbankinn mismuni viðskiptavinum sínum þannig að félög undir yferráðum bankans njóti betri viðskiptakjara án þess að málefnaleg sjónarmið búi þar að baki.
- Hættu á að viðkvæmar upplýsingar um fyrirtæki í almennum bankaviðskiptum við Landsbankann berist til keppinauta viðkomandi fyrirtækja.

Til þess að vinna gegn þessum samkeppnishömlum er í fyrsta lagi lögð sú skylda á Landsbankann að selja Sólningu eins fljótt og mögulegt er og í síðasta lagi innan tiltekinna tímamarka. Er eðlilegt að þátttöku banka í rekstri atvinnufyrirtækja séu settar þröngar skorður hvað tímalengd varðar til þess að takmarka þá hættu á samkeppniströskun sem almennt felst í yfirtöku banka á atvinnufyrirtækjum við þær aðstæður sem nú ríkja í íslensku atvinnulífi. Andspænis þessum augljósu hagsmunum verður einnig að meta hagsmuni bankans af því að hafa eðlilegt svigrúm til þess að viðhalda eða auka verðmæti þeirra eigna sem um ræðir.

Samkeppniseftirlitið telur nauðsynlegt að trúnaður ríki um frest til sölu. Slíkir tímafrestir, ef opinberir væru, geta augljóslega raskað sölufæri og haft óeðlileg áhrif á ákvörðunartöku kaupenda. Fresturinn getur þannig orðið til þess að draga úr sölumöguleikum á sölutímabilinu og lækkað söluverð viðkomandi eignar. Af því gæti leitt að bankinn fengi ekki sannvirði fyrir eignina sem aftur hefði neikvæð áhrif á efnahagslegan styrkleika hans, sem er forsenda þess að hann geti sinnt því mikilvæga hlutverki að útvega atvinnulífinu lánsfé og aðra þjónustu. Getur það dregið úr þrótti efnahagslífsins og takmarkað samkeppni.

Til þess að koma í veg fyrir mögulega samhæfingu í viðskiptastefnu atvinnufyrirtækja undir yferráðum Landsbankans og tryggja að þau starfi áfram sem sjálfstæðir keppinautar á markaði telur Samkeppniseftirlitið mikilvægt að Sólning verði rekin óháð Landsbankanum eftir því sem kostur er. Í málinu liggur fyrir að Landsbankinn áformar að selja félagið en tilkynnt verður um það hvernig sölunni verði háttáð innan sex mánaða frá og með yfirtökudegi, skv. upplýsingum á heimasíðu bankans.¹ Í bréfi Landsbankans til Samkeppniseftirlitsins, dags. 4. maí 2011, var því lýst yfir að undirbúningur að sölufæri Sólningar myndi hefjast fljótlega, enda væri ekki stefnt að því að Landsbankinn ætti hluti í félaginu til langframa. Í ljósi þessa er ekki kveðið á um að koma þurfi eignarhlut bankans fyrir í eignarhaldsfélagi í eigu bankans sem starfi sjálfstætt, sbr. t.a.m. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 21/2010 *Yfirtaka Eignarhaldsfélagsins Vestia ehf. á Plastprenti hf.* Málsatvik eru sambærileg og í málum varðandi yfirtökur Landsbankans á fyrirtækjunum Límtré Vírnet ehf. og Pizza Pizza ehf. en fjallað var um yfirtöku Landsbankans á Límtré Vírneti í ákvörðun nr. 32/2010, *Yfirtaka NBI hf. á Límtré Vírnet ehf.* og fjallað var um yfirtöku bankans á Pizza Pizza ehf. í ákvörðun nr. 17/2011 *Yfirtaka*

¹ Sjá á slóðinni: <http://www.landsbanki.is/umlandsbankann/fjolmidlar/frettirogtgafuefni/2011/05/04/Landsbankinn-tekur-yfir-rekstur-Solningar/?p=2> [sótt 14. júní 2011].



Landsbankans hf. á Pizza Pizza ehf. Ef breyttar forsendur leiða til þess að óhjákvæmilegt verður að framlengja sölufrest ákvörðunarinnar má vænta þess að slík framlenging verði bundin frekari skilyrðum um sjálfstæði Sólningar gagnvart Landsbankanum, sbr. grein 1.1. í ákvörðuninni. Í ákvörðuninni er eftir sem áður að finna ákvæði sem ætlað er að koma í veg fyrir hættu á hagsmunaárekstrum o.fl., sbr. umfjöllun hér á eftir.

Tengsl banka og atvinnufyrirtækja geta haft áhrif til þess að atvinnufyrirtækin sem tekin eru yfir eða önnur félög sem vega þungt í útlánasafni bankanna beini viðskiptum sínum hvert til annars. Hagsmunir banka af endurheimt skulda kunna að vera best tryggðir með þessu móti til skamms tíma en að sama skapi væri samkeppni veruleg hættu búin ef bankar kæmu á þennan hátt í veg fyrir að atvinnufyrirtæki tækju ákvarðanir sem væru viðskiptalega skynsamlegastar á hverjum tíma. Ef viðkomandi fyrirtæki eru öflug á sínu sviði getur þetta leitt til þess að keppinautar útilokist frá mikilvægum viðskiptum. Til langs tíma er hag yfirteknu fyrirtækjanna jafnframt best borgið með því að þau starfi með sem eðlilegustum hætti og leitist í sífellu við að gera eins hagstæða samninga og þeim er unnt. Af þeim sökum telur Samkeppniseftirlitið nauðsynlegt að skilyrðin komi eins og hægt er í veg fyrir þá hagsmunaárekstra sem upp kunna að koma með því að takmarka aðkomu starfsmanna Landsbankans að rekstri Sólningar eins og kostur er.

Íslenskur bankamarkaður er verulega samþjappaður þar sem þrjár viðskiptabankar hafa yfirgnæfandi markaðshlutdeild. Stærð bankanna veldur því að þeir búa yfir umtalsverðu magni trúnaðarupplýsinga. Í vissum tilvikum búa einstakir bankar yfir trúnaðarupplýsingum um keppinauta þeirra atvinnufyrirtækja sem þeir taka yfir. Er skilyrðunum ætlað að tryggja að slíkar upplýsingar berist ekki til hinna yfirteknu fyrirtækja. Jafnframt er lagt bann við því að viðkvæmar upplýsingar berist frá yfirteknum fyrirtækjum til keppinauta eða viðskiptavina þeirra sem kunna einnig að vera í eigu eða í viðskiptum við sama banka.

Í skilyrðunum er að finna ákvæði sem leggur þá skyldu á Landsbankann að taka upp viðvarandi og öflugt innra eftirlit með því að skilyrðin nái markmiði sínu. Ber bankanum að tryggja að óháður aðili innan bankans geti með trúverðugum hætti fylgst með framkvæmd skilyrðanna og gefið Samkeppniseftirlitinu skýrslu um starf sitt. Ber að líta svo á að þetta eftirlit sé viðbót við hið almenna eftirlit sem Samkeppniseftirlitið hefur með því að fyrirtæki fari að ákvörðunum skv. samkeppnislögum.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Yfirtaka Landsbankans hf. (hér Landsbankinn) á Sólningu Kópavogi ehf. (hér Sólning) felur í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Með heimild í 17. gr. laganna eru samrunanum sett skilyrði. Með setningu eftirfarandi skilyrða er ekki þörf á ógildingum samrunans:

1.

Söluskylda og sölumáti

1.1.



Frestur til sölu

Landsbankinn skal selja eignarhlut sinn í Sólningu eins fljótt og verða má og eigi síðar en [...]² frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.

Samkeppniseftirlitið getur framlengt sölufrest skv. 1. mgr. sæki bankinn um það. Í umsókn um framlengingu sölufrests skal rökstutt hvaða atvik hindri sölu. Ef umsóknin byggist á því mati bankans að erfiðar markaðsaðstæður eða sérstakar aðstæður í rekstri eða rekstrarumhverfi Sólningar hamli sölu innan frests skv. 1. mgr. skal með henni fylgja álit frá óháðum kunnáttumanni þar sem framangreint mat er staðfest. Komi til þess að slíkur frestur verði veittur, getur Samkeppniseftirlitið bundið frestinn skilyrðum um að eignarhluturinn skuli færður í eignarhaldsfélag sem lúti tilteknum reglum og að stjórn Sólningar verði óháð bankanum, sbr. ákvörðun nr. 10/2010, *Yfirtaka eignarhaldsfélagsins Vestia ehf. á Húsasmiðjunni ehf.*

Eftirlitsaðili bankans, sbr. 4. gr., skal fylgjast með sölufrelinu og skal söluáætlun liggja fyrir þegar við gildistöku skilyrða þessara.

1.2. Sölumáti

Eignarhlutur Landsbankans í Sólningu skal seldur í fyrirfram skilgreindu og gagnsæu ferli, t.d. í opinberu sölufreli eða með skráningu í kauphöll að undangengnu útboði í samræmi við ákvæði laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007.

2. Aðgerðir gegn skaðlegum hagsmunatengslum

2.1. Almennt

Markmið sáttar þessarar er að tryggja að viðskiptatengsl Landsbankans við fyrirtæki sem starfa á sömu eða skyldum mörkuðum og Sólning skaði ekki samkeppni á meðan Sólning er undir beinum yfirráðum Landsbankans. Skal bankinn í því skyni tryggja sjálfstæði Sólningar á samkeppnismarkaði, sbr. nánar ákvæði þessarar greinar.

2.2. Tryggja skal sjálfstæði Sólningar gagnvart Landsbankanum

Rekstur Sólningar skal vera að fullu aðskilinn frá öðrum rekstri bankans og eignarhaldsfélags í eigu Landsbankans, ef slíku eignarhaldsfélagi (hér eftir eignarhaldsfélagið) verður falinn eignarhlutur í Sólningu f.h. Landsbankans.

² Fellt út vegna trúnaðar.



Tryggja skal að starfsmenn bankans sem koma að úrlausnarferli fyrirtækja starfi ekki á þeim sviðum bankans sem koma að ákvörðunum um útlán til keppinauta eða mikilvægra viðskiptavina Sólningar.

Tryggja skal að aðrir starfsmenn bankans á viðskiptabankasviði eða fyrirtækjasviði en þeir sem eru viðskiptastjórar/lánastjórar Sólningar hafi ekki aðgang að viðkvæmum upplýsingum um Sólningu. Tryggt skal að viðskiptastjórar/lánastjórar Sólningar hjá Landsbankanum hafi ekki aðgang að viðkvæmum upplýsingum um keppinauta og mikilvæga viðskiptavinum Sólningar.

Ekkert í þessari grein 2.2. kemur þó í veg fyrir að starfsmenn Endurskipulagningar eigna taki þátt í ákvörðunum um útlán sem eru eðlilegur hluti af fjárhagslegri endurskipulagningu.

Fyrir liggur að Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans mun annast milligöngu um sölu á eignarhlut Landsbankans í Sólningu. Sátt þessi takmarkar á engan hátt aðgang Fyrirtækjaráðgjafarinnar að gögnum er varða rekstur Sólningar.

Komi til framlengingar á sölufresti skv. 2. mgr. greinar 1.1. getur Samkeppniseftirlitið bundið framlenginguna frekari skilyrðum til að tryggja sjálfstæði Sólningar gagnvart bankanum.

2.3.

Tryggja skal sjálfstæði milli Sólningar og tengdra fyrirtækja

Tryggja skal fullt sjálfstæði milli annars vegar Sólningar og hins vegar keppinauta og mikilvægra viðskiptavina Sólningar sem eru, eða munu verða, að fullu eða að hluta, í eigu Landsbankans (hér eftir nefnd tengd fyrirtæki).

Landsbankinn skal tryggja að starfsmenn bankans miðli ekki viðkvæmum upplýsingum um starfsemi framangreindra fyrirtækja milli þeirra.

2.4.

Óheimilt er að hlutast til um viðskipti milli Sólningar og tengdra fyrirtækja

Ef um er að ræða viðskipti milli Sólningar og tengdra fyrirtækja skulu þau vera á viðskiptalegum forsendum eins og um viðskipti milli óskyldra aðila væri að ræða. Þá skal viðskiptastefna Sólningar vera algerlega óháð tengdum fyrirtækjum í eigu Landsbankans. Hvorki bankinn né eignarhaldsfélagið skulu hlutast til um viðskipti milli Sólningar og tengdra félaga. Er bankanum t.d. óheimilt að beita sér fyrir því að Sólning beini viðskiptum til tengdra fyrirtækja sem og að beita sér fyrir því að tengd fyrirtæki eigi viðskipti við Sólningu.

2.5.

Bankanum er óheimilt að hlutast til um viðskipti milli Sólningar og annarra viðskiptavina bankans



Bankanum er óheimilt að hlutast til um viðskipti milli Sólningar og annarra viðskiptavina bankans. Þannig er bankanum t.d. óheimilt að beita sér fyrir því að viðskiptavinir hans beini viðskiptum sínum til fyrirtækisins eða að það beini viðskiptum sínum til annarra viðskiptavina bankans.

2.6.

Bankinn skal gæta jafnræðis og trúnaðar milli Sólningar og viðskiptavina bankans

Landsbankinn skal gæta jafnræðis og trúnaðar milli Sólningar og annarra viðskiptavina bankans. Þannig skal bankinn tryggja að sömu aðilar innan bankans séu ekki viðskiptastjórar (starfsmenn útlánasviða sem bera ábyrgð á útlánnum til einstakra viðskiptavina) annars vegar Sólningar og hins vegar viðskiptavina fyrirtækisins og birgja sem bankanum er kunnugt um eða keppinauta sem jafnframt kunna að vera í viðskiptum við bankann.

Landsbankinn skal tryggja með nauðsynlegum aðgerðum að viðkvæmar upplýsingar sem bankinn býr yfir eða kann að búa yfir um keppinauta eða viðskiptavini Sólningar og dótturfélaga berist ekki til Sólningar.

Landsbankinn skal tryggja með nauðsynlegum aðgerðum að viðkvæmar upplýsingar sem bankinn býr yfir eða kann að búa yfir um Sólningu og dótturfélög berist ekki til keppinauta eða viðskiptavina þeirra fyrirtækja.

3.

Upplýsingagjöf

3.1.

Opinber upplýsingagjöf um framkvæmd á skilyrðum

Landsbankinn skal birta á heimasíðu sinni upplýsingar sem útskýra framkvæmd bankans á sátt þessari.

3.2.

Opinber upplýsingagjöf um starfsemi Sólningar

Eftirfarandi upplýsingar um starfsemi og rekstur Sólningar skulu vera aðgengilegar opinberlega (á meðan félagið er undir yfirráðum Landsbankans):

- a) Skipan stjórnar Sólningar ásamt upplýsingum um forstjóra félagsins og eftir atvikum helstu stjórnendur. Þá skal upplýsa um allar breytingar á þessari skipan þegar þær eiga sér stað.
- b) Stærð eignarhlutar bankans og breytingar á honum, þegar þær eiga sér stað.
- c) Hafi söluferli samkvæmt grein 1.2. ekki hafist fyrir 1. febrúar 2012 skal birta opinberlega ársreikning Sólningar. Skal á sama tíma jafnframt birta opinberlega hálfársuppgjör Sólningar eftir 1. febrúar 2011. Ársreikningur og hálfársuppgjör skulu að lágmarki innihalda rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðsstreymisyfirlit og



eiginfjáryfirlit fyrir viðkomandi tímabil ásamt útreikningi á hreinum hagnaði á hlut fyrir árið/tímabilið. Skulu birtir reikningar félagsins vera útbúnir í samræmi við ákvæði laga nr. 3/2006 um ársreikninga og framsetning þeirra vera nægilega ítarleg til þess að gefa glögga mynd af rekstrinum. Jafnframt skal gera grein fyrir áritun endurskoðanda, sé reikningur félagsins endurskoðaður.

4.

Eftirlit

4.1.

Eftirlit innan bankans og eignarhaldsfélagsins

Stjórn Landsbankans skal fela óháðum aðila eða aðilum eftirlit með því að skilyrðum sáttar þessarar sé fylgt. Með óháðum aðila er hér átt við aðila sem ráðinn er af stjórninni og kemur ekki með neinum hætti að framkvæmd skilyrða sáttar þessarar eða starfsemi bankans eða eignarhaldsfélagsins sem tengist skilyrðum sáttarinnar.

Skal stjórnin tryggja að viðkomandi eftirlitsaðili njóti nægilegra heimilda og sjálfstæðis til þess að geta framkvæmt þetta eftirlit með trúverðugum hætti. Skal t.d. tryggt að eftirlitsaðilinn geti aflað sér utanaðkomandi sérfræðiaðstoðar ef hann telur þörf á því. Skal stjórnin upplýsa Samkeppniseftirlitið fyrir 1. september nk. um hvernig framangreint verður tryggt.

Eftirlit samkvæmt 1. mgr. skal að lágmarki fela í sér eftirfarandi:

- a) Að gengið sé úr skugga um hvort farið hafi verið að sátt þessari af hálfu bankans og Sólningar. Í því felst mat á því hvort verkferlar bankans séu fullnægjandi og hvort farið hafi verið eftir þeim.
- b) Sérstaklega skal kannað hvort eðlileg arðsemissjónarmið séu höfð að leiðarljósi í rekstri Sólningar.
- c) Fylgjast skal með því að stjórnarmenn eignarhaldsfélagsins og Sólningar, eftir því sem við á, uppfylli skilyrði sáttar þessarar.
- d) Fylgjast með því að viðskipti bankans við fyrirtæki á tengdum mörkuðum eða sama markaði og Sólning starfar á séu í samræmi við ákvæði sáttar þessarar.
- e) Fylgjast með því að viðskipti Sólningar við Landsbankann og félagi í eigu bankans séu í samræmi við ákvæði sáttar þessarar.
- f) Fylgjast skal með því hvort verulegar breytingar verða í rekstri Sólningar, s.s. með sölu tiltekinna rekstrareininga, opnun eða lokun þeirra.

Eftirlitsaðili skv. 1. mgr. skal senda Samkeppniseftirlitinu skýrslu um starf sitt fyrir lok júní- og desembermánaða þar til sala á Sólningu hefur átt sér stað. Skýrslan skal að lágmarki geyma þær upplýsingar og mat sem kveðið er á um í 3. mgr.

5.



Viðurlög

Brot á þeim fyrirmælum sem fram koma í sátt þessari varða viðurlögum skv. IX. kafla samkeppnislaga.

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson